

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, miðvikudaginn 11. júní 2014 og hófst kl. 13.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Mál og mannréttindi – málræktarþing í nóvember

Frh. sjá fg. stj. ÍM 5/2014, 1. lið. Ritari dreifði til stjórnar nýjum drögum að dagskrá fyrirhugaðs afmælistálfings í nóvember. Dagskráin hefur verið kynnt ráðuneyti.

2. Íslensk málstefna fimm ára

Frh. sjá fg. stj. ÍM 5/2014, 2. lið. Haldið var áfram umfjöllun um hvaða markmið íslenskrar málstefnu (*Íslenska til alls*, http://www.islenskan.is/Islenka_til_allis.pdf) hafa ræst og hver ekki. Eiríkur sendi fyrir fundinn drög að yfirferð kaflans um íslensku í tölvuheiminum, Guðrún um lagalega stöðu íslensku og Anna nýja gerð um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Nefnt var að setja þyrfti ákvæði um íslensku í stjórnarskrá. Til þess að setja megi ákvæði um notkun íslensku á Alþingi þarf að breyta þingskaparlögum. Anna sagði að íslenskukennsla í grunn- og framhaldsskólum hefði aukist lítillega, úr 16% í 18% í grunnskólum og 10,7% í 12,5 í framhaldsskólum. Hún sagði að í nýrri aðalnámskrá leikskóla hefði verið tekið út allt sem tengdist máli og málþroska. Eiríkur sagði að framför væri að því að talmeinafræði væri nú kennd í HÍ. Anna sagði að misræmi væri á milli aðalnámskráa eftir skólastigum. Í grunnskólaskránni er til að mynda kveðið á um að skólar skuli setja sér málstefnu en ekkert minnst á það í hinum námskránum. Anna sagði að í kennaranámi hefði orðið afturför í kennslu íslensku. Ráðuneytið gæti haft áhrif á þetta með því að setja lágmarksskilyrði um íslenskukennslu í kennaranámi fyrir veitingu leyfisbréfa. Eiríkur sagði að það væri sláandi þegar litið væri á það sem áunnist hefði í tölvumálum að ekkert af því hefði gerst vegna atbeina mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sigríður sagði að á sviði íslensku sem annars máls hefði það meðal annars gerst að stofnuð hefði verið rannsóknarstofa í annarsmálsfræðum og stefnt væri að meistaranámi á því sviði.

Rætt var um þá kafla sem eftir er að fara yfir. Steinunn Stefánsdóttir hafði áður tekið að sér úttekt á íslensku í fjölmiðlum. Sigríður hyggst gera úttekt á íslensku í atvinnulífnum og formaður fer yfir íslensku í listum og þýðingar og túlkun.

3. Fundur netverks norrænu málnefndanna í apríl

Nordisk sprogkoordination, skrifstofa um norrænt tungumálasamstarf, hélt fund 25. apríl síðastliðinn með fulltrúum hópa undir véböndum hennar, t.d. Nordspråk, Nordkurs og

netverki norrænu málnefndanna. Á fundinum var rætt um stefnumótun Nordisk Sprog-koordination 2014–2018. Ísland hefur frá síðasta málnefndaþingi í ágúst í fyrra verið í forsvari fyrir netverk norrænu málnefndanna. Fulltrúar netverksins á stefnumótunarfundinum voru Jóhannes B. Sigtryggsson og Pia Jarvad frá Danmörku.

4. Önnur mál

a) Málræktarsjóður

Formaður sagði að fundarmenn í Íslenskri málnefnd hefðu mætt illa á aðalfund Málræktarsjóðs og fáir hefðu einnig tilkynnt forföll. Greiða þyrfti veitingar fyrir þá sem ekki tilkynntu forföll.

b) Ný vefsíða Íslenskrar málnefndar

Frh. sjá fg. stj. ÍM 4/2014, 3. lið, a. Jóhannes kynnti vinnu við nýja vefsíðu. Samþykkt var að taka tilboði Ingu Maríu Sverrisdóttur (tengiliður við hana er Svanhildur Kr. Sverrisdóttir) í hönnun á nýjum vef Íslenskrar málnefndar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 14.40.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.